

en 39% ársvöxtum frá þeim degi til 1. nóvember 1982, en 47% ársvöxtum frá þeim degi til uppkvaðningar dóms þessa, en með hæstu innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 17.850.- í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þess að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. maí 1985.

Nr. 196/1983. **Haukur Leósson**

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

gegn

Tómasi Zoëga

(Benedikt Sveinsson hrl.)

Gjaldheimtunni í Reykjavík

(Guðmundur Vignir Jósefsson hrl.)

Framkvæmdasjóði Íslands

Landsbanka Íslands

Útvegsbanka Íslands

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Sparisjóði vélstjóra

Jóni Magnússyni

Boga Ingimarssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Guðmundi Jónssyni

(Hákon Árnason hrl.)

Magnúsi Fr. Árnasyni

Ara Ísberg

Oliufélaginu Skeljungu h/f

Huxley Ólafssyni

Diðrik Sigurðssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Reinholt Kristjánssyni

Jóni Ingólfssyni

Hirti Torfasyni

(sjálfur)

Einari Bergmann

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Péttri Valdimarssyni,

Grétari Haraldssyni

(Þorvaldur Lúðvíksson hrl.)

Ölgerðinni Agli Skallagrímssyni h/f

Gunnari Sæmundssyni

(sjálfur)

Sveini Finnssyni f.h. dánarbús

Baldvins K. Sveinbjörnssonar

Einari Sigurðssyni,

Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins,

Þórarni Árnasyni og

Þorsteini Thorarensen borgarfógeta.

Uppboðsafsal. Málskostnaður. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Sigurgeir Jónsson, Guðmundur Jónsson, Guðmundur Skaftason, Halldór Þorbjörnsson og Magnús Thoroddsen.

Áfrýjandi hefur skotið héraðsdómi til Hæstaréttar með stefnu 19. október 1983. Hann gerir þær dómkröfur, „að afsal uppboðsréttar Reykjavíkur hinn 29. september 1983 á fasteigninni Viðjugerði 8, Reykjavík, til Tómasar Zoëga, verði fellt úr gildi.“ Þá krefst hann þess, að stefndu aðrir en Gjaldheimtan í Reykjavík verði hver fyrir sig dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Tómas Zoëga gerir þær dómkröfur, að kröfu áfrýjanda verði hrundið. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefnda Gjaldheimtan í Reykjavík krefst málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Stefndu Diðrik Sigurðsson, Einar Bergmann, Útvegsbanki Íslands, Bogi Ingimarsson og Grétar Haraldsson krefjast þess, að kröfu áfrýjanda verði hrundið og hann dæmdur til að greiða þeim málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi Guðmundur Jónsson gerir þær dómkröfur, að kröfu

áfrýjanda verði hrundið og að staðfest verði útgáfa afsals uppboðsréttar Reykjavíkur hinn 29. september 1983 á fasteigninni Viðjugerði 8, Reykjavík, til Tómasar Zoëga. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Stefndi Hjörtur Torfason krefst sýknu af málskostnaðarkröfu áfrýjanda.

Stefndi Gunnar Sæmundsson krefst sýknu af málskostnaðarkröfu áfrýjanda og krefst málskostnaðar úr hendi hans fyrir Hæstarétti.

Stefndi Sparisjóður Vélstjóra krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en krefst að öðrum kosti sýknu af kröfum áfrýjanda. Í báðum tilvikum krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Útgáfa hins áfrýjaða uppboðsafsals fór fram í uppboðsrétti Reykjavíkur, sem háður var af Þorsteini Thorarensen borgarfégeta hinn 29. september 1983. Er afsalsgerðin svohljóðandi:

„Fyrir var tekið:

að gefa út uppboðsafsal til Tómasar Zoëga, lækni um húseignina Viðjugerði 8 hér í borg, þinglýsta eign Hauks Leóssonar.

Ofangreind fasteign var seld á nauðungaruppboði, sem fór fram þann 23. mars 1982.

Hæstbjóðandi var Kristinn Sigurjónsson hrl., og bauð hann kr. 2.400.000.-.

Með yfirlýsingu í uppboðsrétti Reykjavíkur þann 5. apríl 1982 framseldi hæstbjóðandi Tómasi Zoëga boð sitt, og var boðið og framsal þess samþykkt.

Uppboðssalan var staðfest með dómi Hæstaréttar uppkveðnum 29. júní 1983.

Þann 18. ágúst 1983 úrskurðaði uppboðsrétturinn að orðið skyldi við kröfu Tómasar Zoëga um útgáfu uppboðsafsals fyrir eigninni. Þessi úrskurður var kærður til Hæstaréttar, sem vísaði kærunni frá með dómi sínum, uppkveðnum 28. september 1983. Er hinn reglulegi áfrýjunarfrestur nú liðinn, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 57/1949.

Með því að Tómas Zoëga hefur greitt allan kostnað uppboðsins og að fullu greitt boð sitt, kr. 2.400.000,- til uppboðshaldara að undanskildum kr. 40.000.-, sem hann greiddi beint til Magnúsar Fr. Árnasonar hrl. og Þórarins Árnasonar hdl. upp í kröfur þeirra, lýsti uppboðshaldari því yfir að hann afsalaði Tómasi Zoëga lækni, hús-

eigninni nr. 8 við Viðjugerði, Reykjavík, ásamt tilheyrandi lóðar-réttindum, með öllum sama rétti og fyrri eigandi átti.

Afmá ber af veðmálaskrá allar þinglýstar veðskuldir, sem hvíla á hinni seldu eign.“

Áfrýjandi byggir kröfu sína á því, að fjalla hafi átt um útgáfu afsalsins á uppboðsþingi, sem aðiljar uppboðs hefðu átt kost á að sækja. Þá hafi uppboðskaupandi ekki efnt uppboðskaupin, þar sem hann hafi ekki greitt uppboðsverðið á réttum tíma né heldur vexti af því frá gjalddögum þess til greiðsludags, en það sé almenn regla íslensks réttar að greiða beri vexti af gjaldfallinni skuld, nema tvímælalaus lagafyrirmæli eða samningsákvæði leysi skuldara undan greiðslu vaxta. Hafi uppboðshaldari hvorki haft umboð né lagaheimild til að gefa eftir vexti af uppboðsverði.

Svo sem fram kemur í hinni áfrýjuðu afsalsgerð, kærði áfrýjandi úrskurð uppboðsréttar Reykjavíkur, sem kveðinn var upp 18. ágúst 1983 um að orðið skyldi við kröfu stefnda Tómasar Zoëga um útgáfu uppboðsafsals. Var því kærumáli vísað frá Hæstarétti 28. september 1983. Þrátt fyrir það á áfrýjandi rétt á að áfrýja afsalsgerningnum sjálfum, svo sem hann nú hefur gert.

Það var niðurstaða uppboðsréttar 18. ágúst 1983, að stefndi Tómas Zoëga hefði efnt uppboðsskilmálana og að taka ætti til greina kröfu hans um útgáfu uppboðsafsals honum til handa. Þeim úrskurði var ekki áfrýjað til Hæstaréttar lögum samkvæmt, og er hann því bindandi um úrslit sakarefnis þess, sem þar var fjallað um. Var uppboðshaldara því heimilt að gefa út uppboðsafsal til stefnda Tómasar Zoëga 29. september 1983, enda eigi skylt að kveðja aðilja uppboðsins til þinghalds þessa, eins og málum var þá komið. Ekki hefur verið sýnt fram á annmarka á uppboðsafsalinu. Ber því að hrinda kröfu áfrýjanda.

Rétt þykir, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð :

Kröfu áfrýjanda, Hauks Leóssonar, um að felld verði úr gildi afsal uppboðsréttar Reykjavíkur hinn 29. september 1983 á fasteigninni Viðjugerði 8 hér í borg til Tómasar Zoëga, er hrundið.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i**hæstaréttardómaranna Guðmundar Jónssonar
og Halldórs Þorbjörnssonar.**

Við erum sammála atkvæði meiri hluta dómara um annað en málskostnað. Við teljum, að dæma beri áfrýjanda til þess að greiða stefndu Tómasi Zoëga, Gjaldheimtunni í Reykjavík, Guðmundi Jónssyni, Gunnari Sæmundssyni, Diðrik Sigurðssyni, Einari Bergmann, Boga Ingimarssyni, Útvegsbanka Íslands og Grétari Haraldssyni 5.000.00 krónur hverjum í málskostnað.

Miðvikudaginn 22. maí 1985.

Nr. 230/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Steinari Guðmundssyni

(Guðmundur Ingvi Sigurðsson hrl.)

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson, Halldór Þorbjörnsson, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Héraðsdómi var áfrýjað til Hæstaréttar af ákærvaldsins hálfu samkvæmt 1. tölulið 1. mgr. 175. gr. laga nr. 74/1974. Af ákærvaldsins hálfu er þess krafist, að ákærði verði sakfelldur samkvæmt ákæru og refsing hans þyngd.

Ágrip barst Hæstarétti 14. mars 1985.

Lögð hefur verið fyrir Hæstarétt ályktun Læknaráðs, þar sem fallist er á niðurstöðu Hannesar Péturssonar yfirlæknis um sakhæfi ákærða.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að eigi sé sannað, að ákærði hafi tekið fyrirfram ákvörðun um að svipta Guðmundu lífi hinn 31. janúar 1984, þótt hann hafi viðhaft ummæli í þá átt skömmu